**152. löggjafarþing 2021–2022.**
**Þingskjal 659 — 456. mál.**

# Frumvarp til fjáraukalaga

## fyrir árið 2022 um breytingar á fjárheimildum sem leiða af breyttri skipan Stjórnarráðsins í samræmi við forsetaúrskurð.

(Lagt fyrir Alþingi á 152. löggjafarþingi 2021–2022.)

---

## Efnisyfirlit

Bls.

**Lagagreinar**

1. gr. Heiti ráðuneyta, málefnasviða og málaflokka ..... 3
2. gr. Fjárheimildir málefnasviða ..... 4
3. gr. Fjárheilmildir málefnasviða og málaflokka ..... 5

**Sundurliðun**

1. Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum ..... 7

**Greinargerð**

Inngangur ..... 36
1. Gjöld ríkissjóðs A-hluta ..... 38
Greinargerð við einstaka málaflokka ..... 52

PRENTMET ODDI
ISSN 1607-811X

1. gr.
Heiti ráðuneyta, málefnasviða og málaflokka

1. Eftirfarandi breytingar verða á heiti málefnasviða í 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2022:
   a. Í stað „16 Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála“ kemur: 16 Markaðseftirlit og neytendamál.
   b. Í stað „22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála“ kemur: 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála.

2. Eftirfarandi breytingar verða á heiti málaflokka í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2022:
   a. Í stað „11.3 Stjórnsýsla samgönguráðuneytis“ kemur: 11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis.
   b. Í stað „22.3 Stjórnsýsla mennta- og menningarmála“ kemur: 22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála.
   c. Við málefnasvið 12 bætist nýr málaflokkur: 12.6 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis.
   d. Við málefnasvið 18 bætist nýr málaflokkur: 18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta.
   e. Við málefnasvið 21 bætist nýr málaflokkur: 21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar.

3. Eftirfarandi breytingar verða á heiti ráðuneyta í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2022:
   a. Í stað „mennta- og menningarmálaráðuneyti“ kemur: mennta- og barnamálaráðuneyti.
   b. Í stað „atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti“ kemur: matvælaráðuneyti.
   c. Í stað „félagsmálaráðuneyti“ kemur: félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
   d. Í stað „samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti“ kemur: innviðaráðuneyti.
   e. Í stað „umhverfis- og auðlindaráðuneyti“ kemur: umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

4. Við upptalningu ráðuneyta í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2022 bætast tvö ný ráðuneyti:
   a. menningar- og viðskiptaráðuneyti.
   b. háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.

# A1-hluti

## Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2022 um fjárheimildir fyrir málefnasvið ríkissjóðs (A1-hluta).

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Rekstrar-framlög | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Fjárfestingar-framlög | Heildar-fjárheimild | Rekstrar-tekjur | Framlag úr ríkissjóði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 03 Æðsta stjórnsýsla ................................................................ | -84,1 | 27,5 | | | -56,6 | | -56,6 |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .................................... | -11,7 | | | | -11,7 | | -11,7 |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar ........................ | -10,0 | | | | -10,0 | | -10,0 |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála .................. | 84,1 | -27,5 | | | 56,6 | | 56,6 |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál .............................................. | -10,5 | | | | -10,5 | 23,2 | 12,7 |
| 12 Landbúnaður ...................................................................... | -454,4 | | | -3,6 | -458,0 | | -458,0 |
| 16 Markaðseftirlit og neytendamál | -90,0 | -141,5 | | | -231,5 | 31,8 | -199,7 |
| 17 Umhverfismál .................................................................... | 29,1 | | | | 29,1 | | 29,1 |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál ........................... | 1.455,5 | 132,0 | | 7,5 | 1.595,0 | -253,3 | 1.341,7 |
| 20 Framhaldsskólastig ............................................................ | | 100,0 | | | 100,0 | | 100,0 |
| 21 Háskólastig ........................................................................ | 586,0 | -54,7 | | 1,6 | 532,9 | -476,4 | 56,5 |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála | -1.338,4 | -35,8 | | -5,5 | -1.379,7 | 674,7 | -705,0 |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .............................. | -155,6 | | | | -155,6 | | -155,6 |
| **Samtals** | | | | | | | |

# A1-hluti
## Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum og málaflokkum

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2022 um framlög úr ríkissjóði (A1-hluta) og fjárheimildir sundurliðaðar eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Forsætis-ráðuneyti | Mennta- og barnamála-ráðuneyti | Matvæla-ráðuneyti | Dómsmála-ráðuneyti | Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | Innviða-ráðuneyti | Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Heildar-fjárheimild | Framlag úr ríkissjóði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **03 Æðsta stjórnsýsla** | **-56,6** | | | | | | | | | | **-56,6** | **-56,6** |
| 03.30 Forsætisráðuneyti | -56,6 | | | | | | | | | | -56,6 | -56,6 |
| **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla** | | | | | | **-11,7** | | | | | **-11,7** | **-11,7** |
| 05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála | | | | | | -11,7 | | | | | -11,7 | -11,7 |
| **06 Hagskýrslugerð og grunnskrár** | | | | | | **-19,4** | **-391,0** | **391,0** | | **19,4** | | |
| 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál | | | | | | -19,4 | -391,0 | 391,0 | | 19,4 | | |
| **07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar** | | **-11.073,7** | **-17.403,2** | | | | | | **1.700,6** | **26.766,3** | **-10,0** | **-10,0** |
| 07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum | | -10.388,7 | -3.580,4 | | | | | | | 13.959,1 | -10,0 | -10,0 |
| 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar | | -685,0 | -13.822,8 | | | | | | 1.700,6 | 12.807,2 | | |
| **10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála** | | | | **186,3** | **-129,7** | | | | | | **56,6** | **56,6** |
| 10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis | | | | 56,6 | | | | | | | 56,6 | 56,6 |
| 10.50 Útlendingamál | | | | 129,7 | -129,7 | | | | | | | |
| **11 Samgöngu- og fjarskiptamál** | | | | | | | **-843,8** | | | **833,3** | **-10,5** | **12,7** |
| 11.20 Fjarskipti | | | | | | | -833,3 | | | 833,3 | | |
| 11.30 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis | | | | | | | -10,5 | | | | -10,5 | 12,7 |
| **12 Landbúnaður** | | | **-458,0** | | | | | | | | **-458,0** | **-458,0** |
| 12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis | | | -458,0 | | | | | | | | -458,0 | -458,0 |
| **14 Ferðaþjónusta** | | | **-2.279,2** | | | | | | **2.279,2** | | | |
| 14.10 Ferðaþjónusta | | | -2.279,2 | | | | | | 2.279,2 | | | |
| **15 Orkumál** | | | **-72,5** | | | | | **72,5** | | | | |
| 15.10 Stjórnun og þróun orkumála | | | -72,5 | | | | | 72,5 | | | | |
| **16 Markaðseftirlit og neytendamál** | | | **-946,6** | | | | | | **715,1** | | **-231,5** | **-199,7** |
| 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál | | | -715,1 | | | | | | 715,1 | | | |
| 16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar | | | -231,5 | | | | | | | | -231,5 | -199,7 |
| **17 Umhverfismál** | | | | | | | **-177,5** | **206,6** | | | **29,1** | **29,1** |
| 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála | | | | | | | -177,5 | 206,6 | | | 29,1 | 29,1 |
| **18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál** | | **-16.552,2** | | | | | | **688,2** | **17.459,0** | | **1.595,0** | **1.341,7** |
| 18.10 Safnamál | | -5.328,9 | | | | | | | 5.328,9 | | | |
| 18.20 Menningarstofnanir | | -6.070,0 | | | | | | 343,5 | 6.632,0 | | 905,5 | 682,5 |
| 18.30 Menningarsjóðir | | -5.153,3 | | | | | | 344,7 | 4.744,8 | | -63,8 | -63,8 |
| 18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta | | | | | | | | | 753,3 | | 753,3 | 723,0 |
| **19 Fjölmiðlun** | | | **-5.563,1** | | | | | | **5.563,1** | | | |
| 19.10 Fjölmiðlun | | | -5.563,1 | | | | | | 5.563,1 | | | |

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Forsætis-ráðuneyti | Mennta- og barnamála-ráðuneyti | Matvæla-ráðuneyti | Dómsmála-ráðuneyti | Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | Innviða-ráðuneyti | Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Heildar-fjárheimild | Framlag úr ríkissjóði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **20 Framhaldsskólastig** | | **100,0** | | | | | | | | | **100,0** | **100,0** |
| 20.10 Framhaldsskólar | | 100,0 | | | | | | | | | 100,0 | 100,0 |
| **21 Háskólastig** | | **-56.906,6** | | | | | | | | **57.439,5** | **532,9** | **56,5** |
| 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi | | -50.502,3 | | | | | | | | 49.548,6 | -953,7 | -730,7 |
| 21.30 Stuðningur við námsmenn | | -6.404,3 | | | | | | | | 6.404,3 | | |
| 21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar | | | | | | | | | | 1.486,6 | 1.486,6 | 787,2 |
| **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála** | | **-3.328,6** | | | **1.639,7** | | | | **309,2** | | **-1.379,7** | **-705,0** |
| 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig | | 80,0 | | | | | | | | | 80,0 | 80,0 |
| 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig | | -2.048,9 | | | 1.639,7 | | | | 309,2 | | -100,0 | -100,0 |
| 22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála | | -1.359,7 | | | | | | | | | -1.359,7 | -685,0 |
| **29 Fjölskyldumál** | **97,5** | **4.549,7** | | | **-4.647,2** | | | | | | | |
| 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | 97,5 | 4.489,7 | | | -4.587,2 | | | | | | | |
| 29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna | | 60,0 | | | -60,0 | | | | | | | |
| **32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála** | | | | | **-155,6** | | | | | | **-155,6** | **-155,6** |
| 32.40 Stjórnsýsla félagsmála | | | | | -155,6 | | | | | | -155,6 | -155,6 |
| **Samtals** | **40,9** | **-83.211,4** | **-26.722,6** | **186,3** | **-3.292,8** | **-31,1** | **-1.412,3** | **1.358,3** | **28.026,2** | **85.058,5** | | |

Sundurliðun 1

m.kr.

# Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum

## 03 Æðsta stjórnsýsla

### 03.30 Forsætisráðuneyti

*01 Forsætisráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -84,1 |
| Rekstrartilfærslur | 27,5 |
| **Heildarfjárheimild** | **-56,6** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -56,6 |

| | |
|---|---|
| **03 Æðsta stjórnsýsla, heildargjöld** | **-56,6** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **-56,6** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

## 05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála

*09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -11,7 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -11,7 |

| | |
|---|---|
| **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla, heildargjöld** | **-11,7** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **-11,7** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

## 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

*09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -19,4 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -19,4 |

*10 Innviðaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -383,9 |
| Fjárfestingarframlög | -7,1 |
| **Heildarfjárheimild** | **-391,0** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 16,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | -374,2 |

*14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 383,9 |
| Fjárfestingarframlög | 7,1 |
| **Heildarfjárheimild** | **391,0** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -16,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | 374,2 |

*17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 19,4 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 19,4 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| **06** | **Hagskýrslugerð og grunnskrár, heildargjöld** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |
| | **Rekstrartekjur** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |
| | **Framlag úr ríkissjóði** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |
| | **Viðskiptahreyfingar** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

## 07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -86,9 |
| Rekstrartilfærslur | -75,0 |
| Fjármagnstilfærslur | -10.187,8 |
| Fjárfestingarframlög | -39,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **-10.388,7** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 154,3 |
| Framlag úr ríkissjóði | -10.234,4 |

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -87,5 |
| Fjármagnstilfærslur | -3.492,9 |
| **Heildarfjárheimild** | **-3.580,4** |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -3.580,4 |

*17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 164,4 |
| Rekstrartilfærslur | 75,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 13.680,7 |
| Fjárfestingarframlög | 39,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **13.959,1** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -154,3 |
| Framlag úr ríkissjóði | 13.804,8 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

## 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -656,5 |
| Rekstrartilfærslur | -23,0 |
| Fjárfestingarframlög | -5,5 |
| **Heildarfjárheimild** | **-685,0** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 639,6 |
| Framlag úr ríkissjóði | -45,4 |

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -397,4 |
| Rekstrartilfærslur | -1.725,4 |
| Fjármagnstilfærslur | -11.700,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **-13.822,8** |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -13.822,8 |

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 69,8 |
| Rekstrartilfærslur | 1.630,3 |
| Fjárfestingarframlög | 0,5 |
| **Heildarfjárheimild** | **1.700,6** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -22,7 |
| Framlag úr ríkissjóði | 1.677,9 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

| | |
|---|---:|
| | m.kr. |
| *17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti* | |
| Rekstrarframlög | 984,1 |
| Rekstrartilfærslur | 118,1 |
| Fjármagnstilfærslur | 11.700,0 |
| Fjárfestingarframlög | 5,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **12.807,2** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -616,9 |
| Framlag úr ríkissjóði | 12.190,3 |
| | |
| **07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, heildargjöld** | **-10,0** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **-10,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála

## 10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

*06 Dómsmálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 84,1 |
| Rekstrartilfærslur | -27,5 |
| **Heildarfjárheimild** | **56,6** |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 56,6 |

## 10.50 Útlendingamál

*06 Dómsmálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 129,7 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 129,7 |

*07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -129,7 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -129,7 |

| | |
|---|---|
| **10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála, heildargjöld** | **56,6** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **56,6** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

# 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

## 11.20 Fjarskipti

*10 Innviðaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -772,5 |
| Rekstrartilfærslur | -48,8 |
| Fjárfestingarframlög | -12,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **-833,3** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 31,0 |
| Framlag úr ríkissjóði | -802,3 |

*17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 772,5 |
| Rekstrartilfærslur | 48,8 |
| Fjárfestingarframlög | 12,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **833,3** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -31,0 |
| Framlag úr ríkissjóði | 802,3 |

## 11.30 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis

*10 Innviðaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -10,5 |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 23,2 |
| Framlag úr ríkissjóði | 12,7 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

| | | m.kr. |
|---|---|---|
| **11** | **Samgöngu- og fjarskiptamál, heildargjöld** | **-10,5** |
| | **Rekstrartekjur** | **23,2** |
| | **Framlag úr ríkissjóði** | **12,7** |
| | **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 12 Landbúnaður

## 12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -454,4 |
| Fjárfestingarframlög | -3,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **-458,0** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -458,0 |

| | |
|---|---|
| **12 Landbúnaður, heildargjöld** | **-458,0** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **-458,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

# 14 Ferðaþjónusta

## 14.10 Ferðaþjónusta

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -1.113,8 |
| Rekstrartilfærslur | -560,5 |
| Fjármagnstilfærslur | -603,2 |
| Fjárfestingarframlög | -1,7 |
| **Heildarfjárheimild** | **-2.279,2** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 37,7 |
| Framlag úr ríkissjóði | -2.241,5 |

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 1.113,8 |
| Rekstrartilfærslur | 560,5 |
| Fjármagnstilfærslur | 603,2 |
| Fjárfestingarframlög | 1,7 |
| **Heildarfjárheimild** | **2.279,2** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -37,7 |
| Framlag úr ríkissjóði | 2.241,5 |

| | |
|---|---|
| **14 Ferðaþjónusta, heildargjöld** | **0,0** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **0,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 15 Orkumál

## 15.10 Stjórnun og þróun orkumála

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Fjármagnstilfærslur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | -72,5 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | -72,5 |

*14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Fjármagnstilfærslur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 72,5 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 72,5 |

| | |
|---|---|
| **15 Orkumál, heildargjöld** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |
| **Rekstrartekjur** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 16 Markaðseftirlit og neytendamál

## 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -697,6 |
| Rekstrartilfærslur | -11,8 |
| Fjárfestingarframlög | -5,7 |
| **Heildarfjárheimild** | **-715,1** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 11,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | -703,3 |

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 697,6 |
| Rekstrartilfærslur | 11,8 |
| Fjárfestingarframlög | 5,7 |
| **Heildarfjárheimild** | **715,1** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -11,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | 703,3 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

**16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar**

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -90,0 |
| Rekstrartilfærslur | -141,5 |
| **Heildarfjárheimild** | **-231,5** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 31,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | -199,7 |

| | |
|---|---|
| **16 Markaðseftirlit og neytendamál, heildargjöld** | **-231,5** |
| **Rekstrartekjur** | **31,8** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **-199,7** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 17 Umhverfismál

## 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

*10 Innviðaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -176,9 |
| Fjárfestingarframlög | -0,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **-177,5** |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -177,5 |

*14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 206,0 |
| Fjárfestingarframlög | 0,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **206,6** |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 206,6 |

| | |
|---|---|
| **17 Umhverfismál, heildargjöld** | **29,1** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **29,1** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

# 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál

## 18.10 Safnamál

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -4.179,1 |
| Rekstrartilfærslur | -509,0 |
| Fjármagnstilfærslur | -286,7 |
| Fjárfestingarframlög | -354,1 |
| **Heildarfjárheimild** | **-5.328,9** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 646,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | -4.682,1 |

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.179,1 |
| Rekstrartilfærslur | 509,0 |
| Fjármagnstilfærslur | 286,7 |
| Fjárfestingarframlög | 354,1 |
| **Heildarfjárheimild** | **5.328,9** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -646,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | 4.682,1 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

## 18.20 Menningarstofnanir

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -5.235,5 |
| Rekstrartilfærslur | -571,1 |
| Fjármagnstilfærslur | -4,8 |
| Fjárfestingarframlög | -258,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **-6.070,0** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 958,0 |
| Framlag úr ríkissjóði | -5.112,0 |

*14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 342,6 |
| Fjárfestingarframlög | 0,9 |
| **Heildarfjárheimild** | **343,5** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -20,2 |
| Framlag úr ríkissjóði | 323,3 |

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.752,9 |
| Rekstrartilfærslur | 612,7 |
| Fjármagnstilfærslur | 4,8 |
| Fjárfestingarframlög | 261,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **6.632,0** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -1.160,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | 5.471,2 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

## 18.30 Menningarsjóðir

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -83,9 |
| Rekstrartilfærslur | -4.724,7 |
| Fjármagnstilfærslur | -344,7 |
| **Heildarfjárheimild** | **-5.153,3** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 61,5 |
| Framlag úr ríkissjóði | -5.091,8 |

*14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Fjármagnstilfærslur | 344,7 |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -52,0 |
| Framlag úr ríkissjóði | 292,7 |

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 83,9 |
| Rekstrartilfærslur | 4.660,9 |
| **Heildarfjárheimild** | **4.744,8** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -9,5 |
| Framlag úr ríkissjóði | 4.735,3 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

**18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta**

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 595,5 |
| Rekstrartilfærslur | 154,2 |
| Fjárfestingarframlög | 3,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **753,3** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -30,3 |
| Framlag úr ríkissjóði | 723,0 |

| | |
|---|---|
| **18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál, heildargjöld** | **1.595,0** |
| **Rekstrartekjur** | **-253,3** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **1.341,7** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 19 Fjölmiðlun

## 19.10 Fjölmiðlun

*04 Matvælaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -5.177,8 |
| Rekstrartilfærslur | -384,3 |
| Fjárfestingarframlög | -1,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **-5.563,1** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -5.563,1 |

*16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 5.177,8 |
| Rekstrartilfærslur | 384,3 |
| Fjárfestingarframlög | 1,0 |
| **Heildarfjárheimild** | **5.563,1** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 5.563,1 |

| | |
|---|---|
| **19 Fjölmiðlun, heildargjöld** | **0,0** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **0,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

# 20 Framhaldsskólastig

## 20.10 Framhaldsskólar

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrartilfærslur | 100,0 |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 100,0 |

| | | |
|---|---|---|
| **20** | **Framhaldsskólastig, heildargjöld** | **100,0** |
| | **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| | **Framlag úr ríkissjóði** | **100,0** |
| | **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 21 Háskólastig

## 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -47.172,5 |
| Rekstrartilfærslur | -1.784,5 |
| Fjárfestingarframlög | -1.545,3 |
| **Heildarfjárheimild** | **-50.502,3** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 11.631,0 |
| Framlag úr ríkissjóði | -38.871,3 |

*17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 46.292,5 |
| Rekstrartilfærslur | 1.714,7 |
| Fjárfestingarframlög | 1.541,4 |
| **Heildarfjárheimild** | **49.548,6** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -11.408,0 |
| Framlag úr ríkissjóði | 38.140,6 |

## 21.30 Stuðningur við námsmenn

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrartilfærslur | -6.404,3 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -6.404,3 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

| | |
|---|---|
| *17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti* | |
| Rekstrartilfærslur | 6.404,3 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 6.404,3 |

**21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar**

| | |
|---|---|
| *17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti* | |
| Rekstrarframlög | 1.466,0 |
| Rekstrartilfærslur | 15,1 |
| Fjárfestingarframlög | 5,5 |
| **Heildarfjárheimild** | **1.486,6** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -699,4 |
| Framlag úr ríkissjóði | 787,2 |

| | |
|---|---|
| **21 Háskólastig, heildargjöld** | **532,9** |
| **Rekstrartekjur** | **-476,4** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **56,5** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

# 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála

## 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrartilfærslur | 80,0 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 80,0 |

## 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -595,0 |
| Rekstrartilfærslur | -1.452,3 |
| Fjárfestingarframlög | -1,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **-2.048,9** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 64,7 |
| Framlag úr ríkissjóði | -1.984,2 |

*07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 287,4 |
| Rekstrartilfærslur | 1.352,3 |
| **Heildarfjárheimild** | **1.639,7** |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 1.639,7 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

| | m.kr. |
|---|---|
| *16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti* | |
| Rekstrarframlög | 307,6 |
| Fjárfestingarframlög | 1,6 |
| **Heildarfjárheimild** | **309,2** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -64,7 |
| Framlag úr ríkissjóði | 244,5 |

**22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála**

| | |
|---|---|
| *02 Mennta- og barnamálaráðuneyti* | |
| Rekstrarframlög | -1.338,4 |
| Rekstrartilfærslur | -15,8 |
| Fjárfestingarframlög | -5,5 |
| **Heildarfjárheimild** | **-1.359,7** |
| | |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 674,7 |
| Framlag úr ríkissjóði | -685,0 |

| | |
|---|---|
| **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála, heildargjöld** | **-1.379,7** |
| **Rekstrartekjur** | **674,7** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **-705,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Fjárlagasundurliðun gjalda

m.kr.

# 29 Fjölskyldumál

## 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

*01 Forsætisráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 96,4 |
| Fjárfestingarframlög | 1,1 |
| **Heildarfjárheimild** | **97,5** |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 97,5 |

*02 Mennta- og barnamálaráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | 4.265,4 |
| Fjárfestingarframlög | 224,3 |
| **Heildarfjárheimild** | **4.489,7** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | -52,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | 4.436,9 |

*07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -4.361,8 |
| Fjárfestingarframlög | -225,4 |
| **Heildarfjárheimild** | **-4.587,2** |
| Fjármögnun: | |
| Rekstrartekjur | 52,8 |
| Framlag úr ríkissjóði | -4.534,4 |

Fjárlagasundurliðun gjalda

| | m.kr. |
|---|---|
| **29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna** | |
| *02 Mennta- og barnamálaráðuneyti* | |
| Rekstrartilfærslur | 60,0 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | 60,0 |
| *07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti* | |
| Rekstrartilfærslur | -60,0 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -60,0 |
| **29 Fjölskyldumál, heildargjöld** | **0,0** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **0,0** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

m.kr.

# 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

## 32.40 Stjórnsýsla félagsmála

*07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

| | |
|---|---|
| Rekstrarframlög | -155,6 |
| Fjármögnun: | |
| Framlag úr ríkissjóði | -155,6 |

| | |
|---|---|
| **32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála, heildargjöld** | **-155,6** |
| **Rekstrartekjur** | **0,0** |
| **Framlag úr ríkissjóði** | **-155,6** |
| **Viðskiptahreyfingar** | **0,0** |

Greinargerð.

# Inngangur

Samkvæmt 16. gr. laga um opinber fjármál skal í frumvarpi til fjárlaga m.a. greina frá fjárheimildum ríkissjóðs (A1-hluta) til málefnasviða og málaflokka sundurgreindum eftir ráðuneytum í samræmi við forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Samhliða myndun nýrrar ríkisstjórnar þann 28. nóvember 2021 var tilkynnt um breytingar á skipan Stjórnarráðsins. Markmið ríkisstjórnarinnar með þessum breytingum er að tryggja að Stjórnarráðið verði sem best í stakk búið til að takast á við þau krefjandi samfélagsverkefni sem fram undan eru í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í stjórnarsáttmála fyrir komandi kjörtímabil. Sama dag tók gildi forsetaúrskurður nr. 125/2021, þar sem voru gerðar breytingar á skiptingu stjórnarmálefna miðað við óbreytta skipan ráðuneyta. Í samræmi við þann forsetaúrskurð samþykkti Alþingi færslu fjárheimilda milli málaefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2022, við 3. umræðu þess. Gerð er grein fyrir þeim breytingum í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar, auk þess sem breytingarnar voru nánar sundurliðaðar eftir ríkisaðilum og verkefnum í sérstöku yfirliti í fylgiriti með fjárlögum fyrir árið 2022.

Með vísan til 2. gr. laga um Stjórnarráð Íslands ályktaði Alþingi að styðja fyrirhugaða breytingu á fjölda og heitum ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með þingsályktun nr. 6/152 þann 27. janúar 2022. Í samræmi við afgreiðslu Alþingis öðlaðist gildi forsetaúrskurður nr. 5/2022 um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti þann 1. febrúar 2022. Sama dag öðlaðist jafnframt gildi nýr forsetaúrskurður, nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sbr. 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Báðir úrskurðirnir fólu í sér talsverðar breytingar frá fyrri skipan.

Við flutning stjórnarmálefna milli ráðuneyta, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, skal flytja fjárheimildir og starfsmenn milli ráðuneyta að því marki sem eðlilegt er talið að teknu tilliti til umfangs verkefna og aðstæðna, skv. 21. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Viðkomandi ráðuneyti skulu samkvæmt sömu lagagrein gera með sér samkomulag um flutning fjárheimilda og starfsmanna milli ráðuneyta á grundvelli viðmiða um fjárhæðir sem fylgja skuli verkefnum, m.a. um kostnað vegna stöðugilda og málafjölda, með hliðsjón af viðmiðum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið setur.

Unnið hefur verið að yfirferð á breytingum á fjárheimildum sem leiða af framangreindum forsetaúrskurðum og samkomulagi milli ráðuneyta í hverju tilfelli, auk þess sem nauðsynlegt reyndist að ráðast í frekari greiningu á tilteknum málum í kjölfar afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2022.

Með forsetaúrskurðunum var ráðherrum ríkisstjórnarinnar fjölgað um einn og verða þeir tólf talsins. Þá er ráðuneytum fjölgað úr tíu í tólf og bætast þar við annars vegar menningar- og viðskiptaráðuneyti og hins vegar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti. Samhliða var heitum nokkurra ráðuneyta breytt til að endurspegla breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins:

- mennta- og menningarmálaráðuneyti verður mennta- og barnamálaráðuneyti
- atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verður matvælaráðuneyti
- félagsmálaráðuneyti verður félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
- samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti verður innviðaráðuneyti
- umhverfis- og auðlindaráðuneyti verður umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Í eftirfarandi yfirliti má sjá þau verkefni sem flytjast á milli ráðuneyta til samræmis við breyttan forsetaúrskurð:

| Verkefni | Flutt frá | Flutt til |
|---|---|---|
| Starfsréttindi í iðnaði og löggilding starfsheita | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti |
| Nýsköpun, tækniþróun og stuðningsumhverfi atvinnulífs | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti |
| Sjávarútvegsmál | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Matvælaráðuneyti |
| Landbúnaður | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Matvælaráðuneyti |
| Matvæli og matvælaöryggi | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Matvælaráðuneyti |
| Ferðamál | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Viðskiptamál | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Neytendamál | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Verslun og þjónusta | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Orkumál og auðlindanýting | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti |
| Mannréttindamál og mannréttindasáttmálar | Dómsmálaráðuneyti | Forsætisráðuneyti |
| Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd | Dómsmálaráðuneyti | Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti |
| Stafræn umbreyting samfélags og atvinnulífs | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti |
| Ríkisaðstoð | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Framfylgd laga og reglna um undirbúning stjórnarfrv. | Forsætisráðuneyti | Dómsmálaráðuneyti |
| Samþætting þjónustu í þágu velferðar barna | Félagsmálaráðuneyti | Mennta- og menningarmálaráðuneyti |
| Barnaverndarmál | Félagsmálaráðuneyti | Mennta- og menningarmálaráðuneyti |
| Húsnæðis- og mannvirkjamál | Félagsmálaráðuneyti | Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti |
| Námsaðstoð | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti |
| Vísindi og rannsóknir | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti |
| Íslensk fræði | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti |
| Fjölmiðlar | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Höfundarréttur | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Menningarmál | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Menningar- og viðskiptaráðuneyti |
| Menningarminjar | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti |
| Fjarskiptamál | Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti | Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti |
| Skógar, skógrækt og landgræðsla | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | Matvælaráðuneyti |
| Skipulagsmál | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti |
| Framhaldsfræðsla | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti |
| Málefni Fræðslusjóðs | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti |

**Efni frumvarpsins.** Þessu frumvarpi er einungis ætlað að endurspegla á tæknilegan hátt þær breytingar sem orðið hafa á Stjórnarráðinu og sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, þ.e. að aðlaga framsetningu fjárheimilda að breyttri skipan ráðuneyta. Með þessu sérstaka fjáraukalagafrumvarpi er því verið að tryggja að fjárheimildir málefnasviða, málaflokka og ráðuneyta fyrir árið 2022 verði í fullu samræmi við breytta skipan Stjórnarráðsins sem tók gildi 1. febrúar. Rétt er að ítreka að í frumvarpinu eru ekki gerðar tillögur um efnislegar breytingar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka ráðuneyta að öðru leyti. Ef þörf krefur mun hefðbundið fjáraukalagafrumvarp, þar sem leitað er eftir auknum heimildum til málefnasviða og málaflokka, verða flutt á haustþingi 153. löggjafarþings. Hér á eftir er farið nánar yfir þær fjárheimildir sem fluttust á milli ráðuneyta í samræmi við þær breytingar sem hér hafa verið raktar.

# 1 Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Breytingar frumvarpsins á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka eru fyrst og fremst af tvennum toga. Annars vegar er verið að gera breytingar á númerum og heitum fjárlagaliða og viðfanga við stofnun nýrra ráðuneyta og flutning verkefna milli ráðuneyta. Slíkar breytingar fela einungis í sér að staðsetning fjárheimilda breytist og færast þær eftir atvikum á milli málefnasviða, málaflokka og ráðuneyta. Hins vegar er um að ræða flutning fjárheimilda milli ráðuneyta þar sem verið er að skipta upp og færa hluta af fjárveitingum á milli aðalskrifstofa og verkefna ráðuneyta til samræmis við breytta verkaskiptingu. Rétt er að vekja athygli á því að flutningur fjárheimilda miðast við heilt reikningsár þar sem uppgjör í ríkisreikningi fyrir árið 2022 mun fara fram fyrir árið í heild miðað við staðsetningu ríkisaðila og verkefna í árslok.

Í frumvarpinu eru samanlagt gerðar tillögur um millifærslur og breytta staðsetningu á fjárheimildum sem nema rúmlega 120 ma.kr. en ekki er um að ræða aukningu á heildargjöldum og breytingarnar hafa því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þess ber að geta að í fjárlögum var veitt 450 m.kr. fjárheimild inn á málaflokk *34.2 Sértækar fjárráðstafanir* til að mæta kostnaði vegna stofnunar tveggja nýrra ráðuneyta. Útgjaldatilefni sem ákveðið er að fjármagna úr málaflokknum, í þessu tilviki vegna breyttrar skipunar Stjórnarráðsins, geta heyrt undir ábyrgðarsvið hvaða ráðuneytis sem er. Þannig felur ráðstöfun úr málaflokki sértækra fjárráðstafana í sér að fjárveiting er millifærð til þess verkefnis þar sem kostnaður sem mæta á er gjaldfærður í ríkisreikningi. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar verði millifærðar til ráðuneytanna á yfirstandandi ári af þessum málaflokki til að mæta kostnaði við stofnun þeirra á árinu og eru þær fjárhæðir því ekki hluti af þessu frumvarpi.

Í yfirlitinu hér á eftir má sjá umfang breytinganna eftir ráðuneytum auk þeirra breytinga sem gerðar voru í fjárlögum 2022.

| Ráðuneyti - fyrir breytta skipan og flutning verkefna | Ráðuneyti - eftir breytta skipan og flutning verkefna | Umfang í fjárlögum 2022 fyrir breytingar* | Breytingar v/breyttrar skipan í fjárlögum 2022 | Breytingar skv. fauk.frv. 2022 | Umfang 2022 eftir breytingar | Samtals br. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 00 Æðsta stjórn ríkisins | 00 Æðsta stjórn ríkisins | 8.672 | | | 8.672 | 0 |
| 01 Forsætisráðuneyti | 01 Forsætisráðuneyti | 5.209 | -98 | 41 | 5.153 | -57 |
| 02 Mennta- og menningarmálaráðun. | 02 Mennta- og barnamálaráðun. | 137.397 | -4.781 | -83.211 | 49.405 | -87.992 |
| 03 Utanríkisráðuneyti | 03 Utanríkisráðuneyti | 24.209 | | | 24.209 | 0 |
| 04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun. | 04 Matvælaráðuneyti | 57.676 | 2.138 | -26.723 | 33.091 | -24.585 |
| 06 Dómsmálaráðuneyti | 06 Dómsmálaráðuneyti | 55.769 | -2.183 | 186 | 53.772 | -1.997 |
| 07 Félagsmálaráðuneyti | 07 Félags- og vinnumarkaðsráðun. | 290.645 | -11.475 | -3.293 | 275.878 | -14.767 |
| 08 Heilbrigðisráðuneyti | 08 Heilbrigðisráðuneyti | 317.955 | | | 317.955 | 0 |
| 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti** | 09 Fjármála- og efnahagsráðun.** | 82.041 | | -31 | 82.010 | -31 |
| 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðun. | 10 Innviðaráðuneyti | 80.328 | 14.956 | -1.412 | 93.872 | 13.544 |
| 14 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðun. | 26.062 | 1.442 | 1.358 | 28.863 | 2.801 |
| - | 16 Menningar- og viðskiptaráðun. | | | 28.026 | 28.026 | 28.026 |
| - | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðun. | | | 85.059 | 85.059 | 85.059 |
| **Samtals ráðuneyti** | **Samtals ráðuneyti** | **1.085.963** | **0** | **0** | **1.085.963** | **0** |
| 19 Vaxtagjöld | 19 Vaxtagjöld | 51.700 | | | 51.700 | 0 |
| Afskriftir skattkrafna og lífeyrisskuldb. | Afskriftir skattkrafna og lífeyrisskuldb. | 80.255 | | | 80.255 | 0 |
| **Samtals** | **Samtals** | **1.217.919** | **0** | **0** | **1.217.919** | **0** |

* Hér er miðað við lokaafgreiðslu fjárlaga að frátöldum millifærslum vegna forsetaúrskurðar. Þessi fjárhæð sýnir því umfangið á Stjórnarráðinu fyrir breytingar.

** Hér er umfangið sýnt að frátöldum afskriftum skattkrafna og lífeyrisskuldbindingum sem teljast til sameiginlegra útgjalda fyrir ríkissjóð í heild.

Flutningur fjárheimilda milli ráðuneyta í samræmi við breytta skipan Stjórnarráðsins hófst í fjárlögum 2022. Umfangsmestu breytingarnar fólust í því að húsnæðis- og skipulagsmál voru

flutt til innviðaráðuneytis frá félagsmálaráðuneytinu annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hins vegar. Þá fluttist málefnasvið *15 Orkumál* yfir til umhverfis- og auðlindaráðuneytis að undanskildum einum lið sem er fluttur nú í þessu frumvarpi. Málefnasvið *19 Fjölmiðlun* fluttist í heild sinni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti tímabundið til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis en flyst nú áfram til nýs menningar- og viðskiptaráðuneytis. Þá fluttust málefni tengd hugverkaréttindum tímabundið til mennta- og menningarráðuneytis en nú flyst Hugverkastofa áfram til ráðuneytis háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og faggildingarsvið Hugverkastofu flyst til menningar- og viðskiptaráðuneytis. Skógrækt og landgræðsla fluttust frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, sem nú ber heitið matvælaráðuneyti. Jafnframt fluttist hluti af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd frá dómsmálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

Að lokum ber að nefna að nokkrar af þeim breytingum sem gerðar voru í fjárlögum ganga til baka í þessu frumvarpi í samræmi við nýjan forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna. Umboðsmaður barna flyst aftur til forsætisráðuneytis frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og þá flytjast Landmælingar og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála aftur til umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Umfangsmestu breytingar í þessu frumvarpi endurspeglast í stofnun háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis og menningar- og viðskiptaráðuneytis. Hér verða breytingar því raktar út frá hvaða málefni flytjast til þeirra og því næst helstu breytingum á öðrum málefnasviðum.

Nýtt háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti fer með málefni háskólastigs, nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina og fjarskipta. Í samræmi við það flyst málefnasvið *21 Háskólastig* frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til hins nýja ráðuneytis ásamt því að stjórnsýsla ráðuneytisins verður á því málefnasviði eins og endurspeglast í nýjum málaflokki *21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar*. Samtals flytjast 57,4 ma.kr. fjárheimildir á háskólastiginu til ráðuneytisins, að mestu frá mennta- og menningarmálaráðuneyti en einnig flytjast þangað ýmsar fjárheimildir samkvæmt samkomulagi við önnur ráðuneyti sem nánar er gerð grein fyrir í greinargerð málefnasviða í þessu frumvarpi og tengjast þá fyrst og fremst stjórnsýslu ráðuneytisins. Málefnasvið *07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* flyst að stórum hluta til ráðuneytisins frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu annars vegar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hins vegar. Nema fjárheimildir málefnasviðsins hjá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu 26,8 ma.kr. eftir breytinguna. Að lokum flyst málaflokkur *11.20 Fjarskipti* til ráðuneytisins frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og nema fjárheimildir vegna þessa 0,8 ma.kr.

Fjárheimildir nýs menningar- og viðskiptaráðuneytis nema samtals 28 ma.kr. Þar vegur þyngst málefnasvið *18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál* en þrír af fjórum málaflokkum málefnasviðsins flytjast til ráðuneytisins ásamt því að við bætist nýr málaflokkur *18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta*. Íþrótta- og æskulýðsmál verða áfram hjá mennta- og barnamálaráðuneyti en safnamál, menningarstofnanir og menningarsjóðir flytjast að stærstum hluta til ráðuneytisins. Samtals nema fjárheimildir ráðuneytisins á málefnasviðinu 17,5 ma.kr. Málefnasvið *19 Fjölmiðlun* flyst í heild sinni til ráðuneytisins frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu en áður var málefnasviðið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu eins og að framan er getið. Þá flyst málefnasvið *14 Ferðaþjónusta* frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og nema þær fjárheimildir 2,3 ma.kr. ásamt 0,7 ma.kr. á málefnasviði *16 Markaðseftirlit og neytendamál*. Af öðrum málefnum ber helst að nefna að endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, endurgreiðslur vegna hljóðritunar, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra flytjast einnig til ráðuneytisins frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Helstu breytingar sem verða vegna tilfærslu stjórnarmálefna á milli annarra ráðuneyta eru að málefni barna á málefnasviði *29 Fjölskyldumál* flytjast frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til mennta- og barnamálaráðuneytis og nema þær fjárheimildir samtals um 4,5 ma.kr. Þá flyst 1,6 ma.kr. til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis frá mennta- og barnamálaráðuneyti vegna framhaldsfræðslunnar á málaflokki *22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig*. Að lokum má nefna að Minjastofnun Íslands, Fornminjasjóður og Húsafriðunarsjóður flytjast frá mennta- og barnamálaráðuneyti til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis á málefnasviði *18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál* og nema þær fjárheimildir samtals 0,7 ma.kr.

Í frumvarpinu eru jafnframt ýmsar breytingar á tilfærslu einstaka verkefna í heild eða að hluta á milli ráðuneyta. Til að mynda flytjast mannréttindamál og mannréttindasáttmálar til forsætisráðuneytis frá dómsmálaráðuneyti. Vísað er til greinargerðar við einstaka málaflokka í þessu frumvarpi fyrir nánari útlistun á þeim breytingum ásamt yfirlitum sem sýna flutning verkefna.

Í einhverjum tilvikum hafa stofnanir og verkefni færst á milli málefnasviða og málaflokka við breytta skipan Stjórnarráðsins. Á það einna helst við um verkefni sem heyrt hafa til málaflokka stjórnsýslu ráðuneyta, sérstaklega hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Þá má jafnframt nefna að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun færast við breytinguna yfir á stjórnsýslumálaflokk innviðaráðuneytis. Sama á við um Rannsóknamiðstöð Íslands og ýmis verkefni eins og norræna samvinnu, fastanefndir og viðskipta- og bankamál sem færast yfir á stjórnsýslumálaflokk menningar- og viðskiptaráðuneytis. Stjórnsýsla matvælaráðuneytis færist frá málefnasviði *16 Markaðseftirlit og neytendamál* yfir á nýjan málaflokk stjórnsýslu á málefnasviði *12 Landbúnaður*. Þá flyst stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá málefnasviði *21 Háskólastig* yfir á málefnasvið *18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál* og starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna frá því málefnasviði á málefnasvið *21 Háskólastig*.

## Greinargerð við einstaka málaflokka.

Í þessum hluta er gerð grein fyrir breytingum á fjárheimildum einstakra málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu, sem lagðar eru til vegna flutnings stjórnarmálefna milli ráðuneyta í samræmi við forsetaúrskurð, nr. 6/2022, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sbr. 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands.

Líkt og kemur fram í umfjölluninni hér að framan þá felast breytingar með frumvarpinu annars vegar í breytingum á númerum og heitum fjárlagaliða og viðfanga við stofnun nýrra ráðuneyta og flutningi verkefna milli ráðuneyta. Slíkar breytingar fela einungis í sér að staðsetning fjárheimilda breytist og færast þær eftir atvikum á milli málefnasviða, málaflokka og ráðuneyta. Hins vegar er um að ræða flutning fjárheimilda milli ráðuneyta þar sem verið er að skipta upp og færa hluta af fjárveitingum á milli aðalskrifstofa og verkefna ráðuneyta til samræmis við breytta verkaskiptingu. Í einstaka tilvikum eru þær fjárheimildir sem haldið er eftir millifærðar innan ráðuneytis, s.s. á aðalskrifstofu eða safnlið. Vakin er athygli á því að eftir atvikum hafa verið gerðar aðlaganir á framsetningu útgjalda ársins í þeim tilfellum sem viðföng hafa verið flutt í heild sinni á milli málefnasviða eða málaflokka.

Í sérstöku yfirliti á eftir greinargerðunum er sýnd nánari sundurliðun á breytingum á fjárheimildum ráðuneyta, málefnasviða og málaflokka eftir þeim stofnunum og verkefnum sem færast á milli.

# 03 Æðsta stjórnsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins lækki um 56,6 m.kr.

**03.3 Forsætisráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 56,6 m.kr. og skýrist það samtals af tveimur tilefnum:

Annars vegar er gerð tillaga um 104,1 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *10.4 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis* vegna framfylgdar laga og reglna um undirbúning stjórnarfrumvarpa, sem flytjist frá aðalskrifstofu forsætisráðuneytis til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis.

Hins vegar er lagt til að 47,5 m.kr. flytjist frá málaflokki *10.4 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis* vegna mannréttindamála og mannréttindasáttmála, sem flytjist til aðalskrifstofu forsætisráðuneytis frá dómsmálaráðuneyti, sem skiptist svo: a) 17,4 m.kr. af aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis og b) 30,1 m.kr. af safnlið dómsmálaráðuneytis.

# 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins lækki um 11,7 m.kr.

**05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála**

Gerð er tillaga um 11,7 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta* vegna ríkisaðstoðar, sem flytjist til aðalskrifstofu menningar- og viðskiptaráðuneytis frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

# 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði óbreytt en að 410,4 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**06.1 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að 410,4 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins og skýrist það samtals af tveimur tilefnum:

Annars vegar er gert ráð fyrir að 391 m.kr. vegna Landmælinga Íslands flytjist frá innviðaráðuneyti til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Hins vegar er gert ráð fyrir að 19,4 m.kr. vegna stafrænnar umbreytingar samfélags og atvinnulífs, sem áður heyrði til málefna upplýsingasamfélagsins, flytjist frá safnlið fjármála- og efnahagsráðuneytis til safnliðar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis.

# 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins lækki um 10 m.kr. en að samtals 28.466,9 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**07.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 10 m.kr. Gerð er tillaga um 10 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála* vegna alþjóðlegra samskipta vegna rammaáætlana ESB.

Lagt er til að samtals 13.959,1 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins, sem skýrist af tveimur tilefnum:

Annars vegar er gert ráð fyrir að 10.224,4 m.kr. vegna vísinda og rannsókna flytjist til aðalskrifstofu háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneytis frá aðalskrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis.

Hins vegar er gert ráð fyrir að 3.580,4 m.kr. vegna Tækniþróunarsjóðs flytjist frá matvælaráðuneyti til háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneytis.

**07.2 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að 14.507,8 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins og skýrist það samtals af fjórum tilefnum:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 616,9 m.kr. vegna Hugverkastofu flytjist til háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneytis frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að 12.190,3 m.kr. vegna nýsköpunarmála flytjist frá matvælaráðuneyti til háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneytis.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að 1.632,5 m.kr. flytjist frá matvælaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis, sem skiptist svo: 1.453,2 m.kr. vegna endurgreiðslu kvikmyndagerðar, 51,5 m.kr. vegna endurgreiðslu hljóðritunar tónlistar, 104,4 m.kr. vegna hönnunarmála, 15,9 m.kr. vegna alþjóðlegs samstarfs og 7,5 m.kr. vegna nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að 68,1 m.kr. vegna faggildingarsviðs Hugverkastofu flytjist frá mennta- og barnamálaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

# 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 56,6 m.kr.

**10.4 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 56,6 m.kr. og skýrist það samtals af tveimur tilefnum:

Annars vegar er lagt til að 104,1 m.kr. flytjist af málaflokki *03.3 Forsætisráðuneyti* vegna framfylgdar laga og reglna um undirbúning stjórnarfrumvarpa, sem flytjist frá aðalskrifstofu forsætisráðuneytis til aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis.

Hins vegar er gerð tillaga um 47,5 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *03.3 Forsætisráðuneyti* vegna mannréttindamála og mannréttindasáttmála, sem flytjist frá dómsmálaráðuneyti, sem skiptist svo: a) 17,4 m.kr. af aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytis og b) 30,1 m.kr. af safnlið dómsmálaráðuneytis, til aðalskrifstofu forsætisráðuneytis.

**10.5 Útlendingamál**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að 129,7 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd, sem flytjist aftur til dómsmálaráðuneytis frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

# 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins lækki um 10,5 m.kr.

**11.2 Fjarskipti**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að 833,3 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna flutnings fjarskiptamála til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis frá innviðaráðuneyti.

**11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 10,5 m.kr. og skýrist það samtals af tveimur tilefnum:

Annars vegar er lagt til að samtals 95,6 m.kr. flytjist af öðrum málaflokkum. Í fyrsta lagi er lagt til að samtals 18,8 m.kr. flytjist frá málaflokki *17.5 Stjórnsýsla umhverfismála* vegna skipulagsmála, sem flytjist til aðalskrifstofu innviðaráðuneytis frá aðalskrifstofu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Í öðru lagi er lagt til að 7,5 m.kr. flytjist frá málaflokki *32.4 Stjórnsýsla félagsmála* vegna samnings við Neytendasamtökin, sem flytjist til innviðaráðuneytis frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti. Í þriðja lagi er lagt til að 62,3 m.kr. flytjist frá málaflokki *32.4 Stjórnsýsla félagsmála* vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds, sem flytjist til aðalskrifstofu innviðaráðuneytis frá aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Í fjórða lagi er lagt til að 7 m.kr. flytjist frá málaflokki *32.4 Stjórnsýsla félagsmála* vegna kærunefndar húsnæðismála, sem flytjist til innviðaráðuneytis frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

Hins vegar er gerð tillaga um samtals 106,1 m.kr. millifærslur af málaflokknum á málaflokk *21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar* vegna skipulags, reksturs, starfsmannahalds

og fastanefnda, sem flytjist frá aðalskrifstofu innviðaráðuneytis til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis.

# 12 Landbúnaður

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins lækki um 458 m.kr. að teknu tilliti til yfirfærslu stjórnsýslu matvælaráðuneytisins á málefnasviðið.

**12.6 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 458 m.kr.

Annars vegar er lagt til að 28,1 m.kr. flytjist af málaflokki *17.5 Stjórnsýsla umhverfismála* vegna skóga, skógræktar og landgræðslu, sem flytjist til aðalskrifstofu matvælaráðuneytis frá aðalskrifstofu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Hins vegar er gerð tillaga um millifærslur af málaflokkum til þriggja annarra málaflokka vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds:

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um samtals 310,1 m.kr. millifærslur af málaflokknum á málaflokk *18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta,* sem flytjist frá aðalskrifstofu matvælaráðuneytis til aðalskrifstofu menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 106,5 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar,* sem flytjist frá aðalskrifstofu matvælaráðuneytis til aðalskrifstofu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 69,5 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *17.5 Stjórnsýsla umhverfismála,* sem flytjist frá aðalskrifstofu matvælaráðuneytis til aðalskrifstofu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Í umfjöllun um breytingu á þessu málefnasviði hefur verið tekið tillit til yfirfærslu stjórnsýslu matvælaráðuneytis, sem var áður á málefnasviði *16 Markaðseftirlit og neytendamál.*

# 14 Ferðaþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði óbreytt en að 2.279,2 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**14.1 Ferðaþjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að samtals 2.279,2 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna ferðamála, sem flytjist frá matvælaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

# 15 Orkumál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði óbreytt en að 72,5 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**15.1 Stjórnun og þróun orkumála**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að samtals 72,5 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna orkumála og auðlindanýtingar, sem flytjist frá matvælaráðuneyti til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

# 16 Markaðseftirlit og neytendamál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði lækkuð um 231,5 m.kr. að teknu tilliti til yfirfærslu stjórnsýslu matvælaráðuneytisins af málefnasviðinu.

**16.1 Markaðseftirlit og neytendamál**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að samtals 715,1 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna Neytendastofu og neytendamála og Samkeppniseftirlits, sem flytjist frá matvælaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

**16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar**

Í umfjöllun er miðað við breytingar á stjórnsýslu matvælaráðuneytis en hún fluttist á málefnasvið *12 Landbúnaður* og málaflokkur 16.2 er lagður niður.

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 231,5 m.kr. og skýrist það af tillögu um millifærslur af málaflokknum til tveggja annarra málaflokka:

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um samtals 12 m.kr. millifærslur af málaflokknum á málaflokk *21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar* vegna fastanefnda, sem flytjist frá safnlið matvælaráðuneytis til safnliðar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis.

Í öðru lagi er gerð tillaga um samtals 34,6 m.kr. millifærslur af málaflokknum á málaflokk *18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta* vegna fastanefnda, sem flytjist frá safnlið matvælaráðuneytis til safnliðar menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um samtals 189,2 m.kr. millifærslur af málaflokknum á málaflokk *18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta*, sem skiptist svo: a) 9,3 m.kr. vegna fastanefnda, sem flytjist frá safnlið matvælaráðuneytis til safnliðar menningar- og viðskiptaráðuneytis, og b) 184,9 m.kr. vegna ýmissa viðskipta- og bankamála, sem flytjist frá safnlið matvælaráðuneytis til safnliðar menningar- og viðskiptaráðuneytis.

# 17 Umhverfismál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 29,1 m.kr.

**17.5 Stjórnsýsla umhverfismála**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 29,1 m.kr. og skýrist það samtals af tveimur tilefnum:

Annars vegar er gerð tillaga um samtals 46,9 m.kr. millifærslur af málaflokknum til annarra málaflokka: Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 18,8 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk

*11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis* vegna skipulagsmála, sem flytjist frá aðalskrifstofu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis til aðalskrifstofu innviðaráðuneytis. Í öðru lagi er gerð tillaga um 28,1 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *12.6 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis* vegna skóga, skógræktar og landgræðslu, sem flytjist frá aðalskrifstofu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis til aðalskrifstofu matvælaráðuneytis.

Hins vegar er gerð tillaga um að samtals 76 m.kr. flytjist af öðrum málaflokkum: Í fyrsta lagi er lagt til að 69,5 m.kr. flytjist af málaflokki *12.6 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis* vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds, sem flytjist til aðalskrifstofu innviðaráðuneytis frá aðalskrifstofu matvælaráðuneytis. Í öðru lagi er lagt til að 6,5 m.kr. flytjist af málaflokki *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála* vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds, sem flytjist til aðalskrifstofu innviðaráðuneytis frá aðalskrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis.

Að lokum er gert ráð fyrir að samtals 177,5 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem flytjist til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis frá innviðaráðuneyti.

# 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 1.595 m.kr. en að samtals 5.328,9 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**18.1 Safnamál**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að samtals 5.328,9 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna safnamála, þar á meðal bókasafna, þ.m.t. vegna Landsbókasafns Íslands, skjalasafna, þ.m.t. Þjóðskjalasafns Íslands, listasafna, þ.m.t. Listasafns Íslands, minjasafna, þ.m.t. Þjóðminjasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands, og Safnasjóðs, sem flytjist frá mennta- og barnamálaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

**18.2 Menningarstofnanir**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 905,5 m.kr., sem flytjist af málaflokki *21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi* vegna Stofnunar Árna Magnússonar, sem flytjist til menningar- og viðskiptaráðuneytis frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Að auki er lagt til að samtals 6.413,5 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins:

Annars vegar 6.070 m.kr. fjárheimildir, sem flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna lista og menningar, sem flytjist frá mennta- og barnamálaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Hins vegar 343,5 m.kr. fjárheimildir, sem flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna menningarminja, sem flytjist frá mennta- og barnamálaráðuneyti til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

**18.3 Menningarsjóðir**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 63,8 m.kr.

Gerð er tillaga um samtals 63,8 m.kr. millifærslur af málaflokknum til annarra málaflokka: Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 51,8 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi,* vegna sjálfstætt starfandi fræðimanna, sem flytjist frá

mennta- og barnamálaráðuneyti til háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis. Í öðru lagi er gerð tillaga um 12 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála* vegna UNESCO-verkefna sem heyra áfram til mennta- og barnamálaráðuneytis.

Hins vegar er lagt til að samtals 5.089,5 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins, sem skiptist svo: Í fyrsta lagi samtals 344,7 m.kr. fjárheimildir frá mennta- og barnamálaráðuneyti til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, sem skiptast svo: a) 83,6 m.kr. vegna Fornminjasjóðs og b) 261,1 m.kr. vegna Húsafriðunarsjóðs. Í öðru lagi samtals 4.744,8 m.kr. fjárheimildir sem flytjist frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

**18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 753,3 m.kr.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að samtals 517,5 m.kr. flytjist af öðrum málaflokkum vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds, sem skiptist svo: a) 310,1 m.kr. frá sem flytjist frá *12.6 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis*, b) 199,3 m.kr. sem flytjist frá *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála* og c) 11,7 m.kr. sem flytjist frá fjármála- og efnahagsráðuneyti á *05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála.*

Í öðru lagi er gerð tillaga um 184,9 m.kr. millifærslu á málaflokkinn af málaflokki *16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar* vegna ýmissa viðskipta- og bankamála, sem flytjist frá matvælaráðuneyti til menningar og viðskiptaráðuneytis.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 34,6 m.kr. millifærslu á málaflokkinn af málaflokki *16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar* vegna fastanefnda, sem flytjist frá matvælaráðuneyti til menningar og viðskiptaráðuneytis.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um samtals 12,7 m.kr. millifærslur á málaflokkinn af málaflokki *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála* vegna norrænnar samvinnu, sem flytjist frá mennta- og barnamálaráðuneyti til menningar og viðskiptaráðuneytis.

# 19 Fjölmiðlun

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði óbreytt en að samtals 5.563,1 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**19.1 Fjölmiðlun**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að samtals 5.563,1 m.kr. fjárheimildir vegna fjölmiðla flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins frá matvælaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

# 20 Framhaldsskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 100 m.kr.

**20.1 Framhaldsskólar**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 100 m.kr.

Gert er ráð fyrir að samtals 100 m.kr. flytjist af málaflokki *22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig*, þ.e. að 60 m.kr. vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga og 40 m.kr. vegna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins flytjist af samnefndum verkefnum. Fjárheimildirnar verða áfram hjá mennta- og barnamálaráðuneyti.

# 21 Háskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 532,9 m.kr. og að samtals 56.906,6 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 953,7 m.kr. og skýrist það af tveimur tilefnum.

Annars vegar er gerð tillaga um millifærslur af málaflokknum til annarra málaflokka, sem skiptast svo: a) 905,5 m.kr. fari frá málaflokknum samhliða flutningi á Stofnun Árna Magnússonar á *18.2 Menningarstofnanir*, b) 80 m.kr. vegna Menntarannsóknasjóðs á sérstök fræðsluverkefni á málaflokki *22.1 Leikskóla- og grunnskólastig* og c) 20 m.kr. fari af varasjóði málaflokksins til aðalskrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis.

Hins vegar er gerð tillaga um að 51,8 m.kr. flytjist af málaflokki *18.3 Menningarsjóðir* vegna starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna, sem flytjist til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Þá er lagt er til að 49.548,6 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna flutnings vísinda og rannsókna til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

**21.3 Stuðningur við námsmenn**

Gert er ráð fyrir að samtals 6.404,3 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna stuðnings við námsmenn, sem flytjist til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

**21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 1.486,6 m.kr. og skýrist það af tveimur tilefnum:

Annars vegar er gerð tillaga um að 982,2 m.kr. flytjist vegna flutnings á fjárheimildum Rannsóknamiðstöðvar Íslands sem fari til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis en var áður á *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála*.

Hins vegar er gerð tillaga um að vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds flytjist fjárheimildir af öðrum málaflokkum, sem skiptist svo: a) 279,8 m.kr. frá *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála*, b) 106,5 m.kr. frá *12.6 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis,* og c) 100,1

m.kr. frá *11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis*. Auk þess komi vegna fastanefnda 6 m.kr. frá *11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis* og 12 m.kr. frá *16.2 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar* hjá matvælaráðuneyti.

# 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði lækkuð um 1.379,7 m.kr. en að samtals 2.048,9 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**22.1 Leikskóla- og grunnskólastig**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 80,0 m.kr. og þar sem gerð er tillaga um flutning Menntarannsóknasjóðs af málaflokki *21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi* á sérstök fræðsluverkefni á málaflokk *22.1 Leikskóla- og grunnskólastig*.

**22.2 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 100 m.kr.

Gerð er tillaga um samtals 100 m.kr. millifærslur af málaflokknum yfir á málaflokk *20.1 Framhaldsskólar*, þ.e. 60 m.kr. vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga og 40 m.kr. vegna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, en að fjárheimildirnar verði áfram hjá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Jafnframt er gert ráð fyrir að samtals 1.948,9 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins, sem skiptist svo: a) 1.639,7 m.kr. vegna framhaldsfræðslu og málefni Fræðslusjóðs flytjist frá mennta- og barnamálaráðuneyti til félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytis, og b) 309,2 m.kr. vegna Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra flytjist frá mennta- og barnamálaráðuneyti til menningar- og viðskiptaráðuneytis.

**22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 1.359,7 m.kr. og skýrist það samtals af fimm tilefnum:

Í fyrsta lagi af því að 982,2 m.kr. flytjist af málaflokknum á *21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar* vegna flutnings á fjárheimildum Rannsóknamiðstöðvar Íslands, frá mennta- og barnamálaráðuneyti til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis.

Í öðru lagi er gerð tillaga um samtals 493,3 m.kr. millifærslur fjárheimilda af málaflokknum til annarra málaflokka, vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds frá aðalskrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis yfir á aðalskrifstofur annarra ráðuneyta, sem skiptist svo: a) 279,8 m.kr. fari á málaflokkinn *21.4 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar*, b) 199,3 m.kr. fara á *18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta*, c) 6,5 m.kr. fari á *17.5 Stjórnsýsla umhverfismála* og d) 7,7 m.kr. fari á *32.4 Stjórnsýsla félagsmála*.

Í þriðja er gerð tillaga um að 86,5 m.kr. flytjist af málaflokki *32.4 Stjórnsýsla félagsmála* vegna málefna barna og ungmenna, sem flytjist til aðalskrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis frá aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um 12,7 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *18.5 Stjórnsýsla menningar og viðskipta* vegna norrænnar samvinnu, sem flytjist frá menningar- og viðskiptaráðuneyti til mennta- og barnamálaráðuneytis.

Í fimmta lagi er gerð tillaga um að samtals 42 m.kr flytjist á málaflokkinn frá öðrum málaflokkum vegna þriggja ólíkra tilefna, sem skiptast svo: a) 20 m.kr. komi vegna

fjárheimilda í varasjóði málaflokks *21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi*, b) 12,7 m.kr. vegna UNESCO-verkefna á málaflokki *18.3 Menningarsjóðir* og c) 10 m.kr. vegna alþjóðlegra samskipta af málaflokki *07.1 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum*. Þessar breytingar fela ekki í sér færslu á fjármunum á milli ráðuneyta og verði umræddar 42 m.kr. eftir sem áður á forræði mennta- og barnamálaráðuneytis.

# 29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði óbreytt en að samtals 4.647,2 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málefnasviðsins.

**29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að samtals 4.587,2 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins, sem skiptist svo: a) 4.489,7 m.kr. vegna málefna barna og ungmenna flytjist frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til mennta- og barnamálaráðuneytis, og b) 97,5 m.kr. vegna umboðsmanns barna flytjist frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til forsætisráðuneytis.

**29.7 Málefni innflytjenda og flóttamanna**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði óbreytt en að samtals 60 m.kr. fjárheimildir flytjist milli ráðuneyta innan málaflokksins vegna málefna barna og ungmenna og flytjist frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til mennta- og barnamálaráðuneytis.

# 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði lækkuð um 155,6 m.kr.

**32.4 Stjórnsýsla félagsmála**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 155,6 m.kr. og skýrist það samtals af tveimur tilefnum:

Annars vegar er gerð tillaga um samtals 163,3 m.kr. millifærslur af málaflokknum til annarra málaflokka: Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 7,5 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *17.5 Stjórnsýsla umhverfismála* vegna samnings við Neytendasamtökin, sem flytjist frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til innviðaráðuneytis.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 62,3 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *17.5 Stjórnsýsla umhverfismála* vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds, sem flytjist frá aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til aðalskrifstofu innviðaráðuneytis.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 7 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *11.3 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis* vegna fastanefnda, sem flytjist frá safnlið félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til safnliðar innviðaráðuneytis.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um 86,5 m.kr. millifærslu af málaflokknum á málaflokk *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála* vegna málefna barna og ungmenna, sem flytjist frá aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis til aðalskrifstofu mennta- og

barnamálaráðuneytis.

Hins vegar er gerð tillaga um að samtals 7,7 m.kr. flytjist af málaflokki *22.3 Stjórnsýsla mennta- og barnamála* vegna skipulags, reksturs og starfsmannahalds, sem flytjist til aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis frá aðalskrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis.

## Sérstakt yfirlit: Sundurliðun breytinga á fjárheimildum ráðuneyta, málefnasviða og málaflokka eftir stofnunum og verkefnum

| Málefnasvið, málaflokkar og ríkisaðili/verkefni | 01 Forsætis-ráðuneyti | 02 Mennta- og barnamála-ráðuneyti | 04 Matvæla-ráðuneyti | 06 Dómsmála-ráðuneyti | 07 Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | 09 Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | 10 Innviða-ráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | 16 Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **03 Æðsta stjórnsýsla** | **-56,6** | | | | | | | | | | **-56,6** |
| **03.30 Forsætisráðuneyti** | **-56,6** | | | | | | | | | | **-56,6** |
| 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa | -56,6 | | | | | | | | | | -56,6 |
| **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla** | | | | | | **-11,7** | | | | | **-11,7** |
| **05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála** | | | | | | **-11,7** | | | | | **-11,7** |
| 09-101 Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa | | | | | | -11,7 | | | | | -11,7 |
| **06 Hagskýrslugerð og grunnskrár** | | | | | | **-19,4** | **-391,0** | **391,0** | | **19,4** | **0,0** |
| **06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál** | | | | | | **-19,4** | **-391,0** | **391,0** | | **19,4** | **0,0** |
| 09-190 Ýmis verkefni | | | | | | -19,4 | | | | | -19,4 |
| 10-981 Landmælingar Íslands | | | | | | | -391,0 | | | | -391,0 |
| 14-310 Landmælingar Íslands | | | | | | | | 391,0 | | | 391,0 |
| 17-190 Ýmis verkefni | | | | | | | | | | 19,4 | 19,4 |
| **07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar** | | **-11.073,7** | **-17.403,2** | | | | | | **1.700,6** | **26.766,3** | **-10,0** |
| **07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum** | | **-10.388,7** | **-3.580,4** | | | | | | | **13.959,1** | **-10,0** |
| 02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands | | -88,3 | | | | | | | | | -88,3 |
| 02-235 Markáætlun á sviði vísinda og tækni | | -187,6 | | | | | | | | | -187,6 |
| 02-236 Rannsóknasjóður | | -3.805,1 | | | | | | | | | -3.805,1 |
| 02-238 Innviðasjóður | | -543,1 | | | | | | | | | -543,1 |
| 02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun | | -5.764,6 | | | | | | | | | -5.764,6 |
| 04-511 Tækniþróunarsjóður | | | -3.580,4 | | | | | | | | -3.580,4 |
| 17-511 Tækniþróunarsjóður | | | | | | | | | | 3.580,4 | 3.580,4 |
| 17-550 Rannsóknasjóður | | | | | | | | | | 3.805,1 | 3.805,1 |
| 17-551 Innviðasjóður | | | | | | | | | | 543,1 | 543,1 |
| 17-552 Markáætlun á sviði vísinda og tækni | | | | | | | | | | 187,6 | 187,6 |
| 17-560 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun | | | | | | | | | | 5.754,6 | 5.754,6 |
| 17-580 Rannsóknamiðstöð Íslands | | | | | | | | | | 88,3 | 88,3 |
| **07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar** | | **-685,0** | **-13.822,8** | | | | | | **1.700,6** | **12.807,2** | **0,0** |
| 02-232 Hugverkastofan | | -616,9 | | | | | | | | | -616,9 |
| 02-233 Faggildingarsvið Hugverkastofu | | -68,1 | | | | | | | | | -68,1 |
| 04-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi | | | -1.453,2 | | | | | | | | -1.453,2 |
| 04-522 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja | | | -11.700,0 | | | | | | | | -11.700,0 |
| 04-523 Endurgreiðslur vegna hljóðritunar tónlistar á Íslandi | | | -51,5 | | | | | | | | -51,5 |
| 04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun | | | -617,8 | | | | | | | | -617,8 |
| 04-998 Varasjóðir málaflokka | | | -0,3 | | | | | | | | -0,3 |
| 16-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi | | | | | | | | | 1.453,2 | | 1.453,2 |
| 16-523 Endurgreiðslur vegna hljóðritunar tónlistar á Íslandi | | | | | | | | | 51,5 | | 51,5 |
| 16-524 Faggildingarsvið Hugverkastofu | | | | | | | | | 68,1 | | 68,1 |

| Málefnasvið, málaflokkar og ríkisaðili/verkefni | 01 Forsætis-ráðuneyti | 02 Mennta- og barnamála-ráðuneyti | 04 Matvæla-ráðuneyti | 06 Dómsmála-ráðuneyti | 07 Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | 09 Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | 10 Innviða-ráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | 16 Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 16-528 Nýsköpun og atvinnuþróun | | | | | | | | | 127,8 | | 127,8 |
| 17-515 Hugverkastofan | | | | | | | | | | 616,9 | 616,9 |
| 17-522 Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja | | | | | | | | | | 11.700,0 | 11.700,0 |
| 17-528 Nýsköpun og atvinnuþróun | | | | | | | | | | 490,0 | 490,0 |
| 17-998 Varasjóðir málaflokka | | | | | | | | | | 0,3 | 0,3 |
| **10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála** | | | | **186,3** | **-129,7** | | | | | | **56,6** |
| **10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis** | | | | **56,6** | | | | | | | **56,6** |
| 06-101 Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa | | | | 86,7 | | | | | | | 86,7 |
| 06-190 Ýmis verkefni | | | | -30,1 | | | | | | | -30,1 |
| **10.50 Útlendingamál** | | | | **129,7** | **-129,7** | | | | | | **0,0** |
| 06-399 Umsækjendur um alþjóðlega vernd | | | | 129,7 | | | | | | | 129,7 |
| 07-325 Umsækjendur um alþjóðlega vernd | | | | | -129,7 | | | | | | -129,7 |
| **11 Samgöngu- og fjarskiptamál** | | | | | | | **-843,8** | | | **833,3** | **-10,5** |
| **11.20 Fjarskipti** | | | | | | | **-833,3** | | | **833,3** | **0,0** |
| 10-512 Fjarskiptastofa | | | | | | | -784,5 | | | | -784,5 |
| 10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu | | | | | | | -48,8 | | | | -48,8 |
| 17-801 Fjarskiptastofa | | | | | | | | | | 784,5 | 784,5 |
| 17-802 Jöfnunarsjóður alþjónustu | | | | | | | | | | 48,8 | 48,8 |
| **11.30 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis** | | | | | | | **-10,5** | | | | **-10,5** |
| 10-101 Innviðaráðuneyti, aðalskrifstofa | | | | | | | -19,0 | | | | -19,0 |
| 10-190 Ýmis verkefni | | | | | | | 8,5 | | | | 8,5 |
| **12 Landbúnaður** | | | **-458,0** | | | | | | | | **-458,0** |
| **12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis** | | | **-458,0** | | | | | | | | **-458,0** |
| 04-101 Matvælaráðuneyti, aðalskrifstofa | | | -458,0 | | | | | | | | -458,0 |
| **14 Ferðaþjónusta** | | | **-2.279,2** | | | | | | **2.279,2** | | **0,0** |
| **14.10 Ferðaþjónusta** | | | **-2.279,2** | | | | | | **2.279,2** | | **0,0** |
| 04-551 Ferðamálastofa | | | -716,5 | | | | | | | | -716,5 |
| 04-555 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða | | | -623,7 | | | | | | | | -623,7 |
| 04-559 Ýmis ferðamál | | | -939,0 | | | | | | | | -939,0 |
| 16-551 Ferðamálastofa | | | | | | | | | 716,5 | | 716,5 |
| 16-555 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða | | | | | | | | | 623,7 | | 623,7 |
| 16-559 Ýmis ferðamál | | | | | | | | | 939,0 | | 939,0 |
| **15 Orkumál** | | | **-72,5** | | | | | **72,5** | | | **0,0** |
| **15.10 Stjórnun og þróun orkumála** | | | **-72,5** | | | | | **72,5** | | | **0,0** |
| 04-599 Ýmis orkumál | | | -72,5 | | | | | | | | -72,5 |
| 14-519 Ýmis orkumál | | | | | | | | 72,5 | | | 72,5 |
| **16 Markaðseftirlit og neytendamál** | | | **-946,6** | | | | | | **715,1** | | **-231,5** |
| **16.10 Markaðseftirlit og neytendamál** | | | **-715,1** | | | | | | **715,1** | | **0,0** |
| 04-190 Ýmis verkefni | | | -18,0 | | | | | | | | -18,0 |
| 04-238 Neytendastofa | | | -133,5 | | | | | | | | -133,5 |

| Málefnasvið, málaflokkar og ríkisaðili/verkefni | 01 Forsætis-ráðuneyti | 02 Mennta- og barnamála-ráðuneyti | 04 Matvæla-ráðuneyti | 06 Dómsmála-ráðuneyti | 07 Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | 09 Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | 10 Innviða-ráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | 16 Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 04-246 Samkeppniseftirlitið | | | -561,1 | | | | | | | | -561,1 |
| 04-998 Varasjóðir málaflokka | | | -2,5 | | | | | | | | -2,5 |
| 16-190 Ýmis verkefni | | | | | | | | | 18,0 | | 18,0 |
| 16-401 Neytendastofa | | | | | | | | | 133,5 | | 133,5 |
| 16-402 Samkeppniseftirlitið | | | | | | | | | 561,1 | | 561,1 |
| 16-998 Varasjóðir málaflokka | | | | | | | | | 2,5 | | 2,5 |
| **16.20 Stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar** | | | **-231,5** | | | | | | | | **-231,5** |
| 04-190 Ýmis verkefni | | | -231,5 | | | | | | | | -231,5 |
| **17 Umhverfismál** | | | | | | | **-177,5** | **206,6** | | | **29,1** |
| **17.50 Stjórnsýsla umhverfismála** | | | | | | | **-177,5** | **206,6** | | | **29,1** |
| 10-827 Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála | | | | | | | -177,5 | | | | -177,5 |
| 14-101 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, aðalskrifstofa | | | | | | | | 29,1 | | | 29,1 |
| 14-151 Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála | | | | | | | | 177,5 | | | 177,5 |
| **18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál** | | **-16.552,2** | | | | | | **688,2** | **17.459,0** | | **1.595,0** |
| **18.10 Safnamál** | | **-5.328,9** | | | | | | | **5.328,9** | | **0,0** |
| 02-902 Þjóðminjasafn Íslands | | -1.014,6 | | | | | | | | | -1.014,6 |
| 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands | | -623,0 | | | | | | | | | -623,0 |
| 02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn | | -1.460,4 | | | | | | | | | -1.460,4 |
| 02-906 Listasafn Einars Jónssonar | | -63,4 | | | | | | | | | -63,4 |
| 02-907 Listasafn Íslands | | -669,1 | | | | | | | | | -669,1 |
| 02-908 Kvikmyndasafn Íslands | | -167,3 | | | | | | | | | -167,3 |
| 02-909 Hljóðbókasafn Íslands | | -155,3 | | | | | | | | | -155,3 |
| 02-911 Náttúruminjasafn Íslands | | -162,7 | | | | | | | | | -162,7 |
| 02-913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins | | -64,9 | | | | | | | | | -64,9 |
| 02-918 Safnasjóður | | -257,5 | | | | | | | | | -257,5 |
| 02-920 Samningar og styrkir til starfsemi safna | | -138,0 | | | | | | | | | -138,0 |
| 02-968 Stofnkostnaður safna | | -547,9 | | | | | | | | | -547,9 |
| 02-998 Varasjóðir málaflokka | | -4,8 | | | | | | | | | -4,8 |
| 16-201 Listasafn Íslands | | | | | | | | | 669,1 | | 669,1 |
| 16-202 Náttúruminjasafn Íslands | | | | | | | | | 162,7 | | 162,7 |
| 16-203 Þjóðminjasafn Íslands | | | | | | | | | 1.014,6 | | 1.014,6 |
| 16-204 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn | | | | | | | | | 1.460,4 | | 1.460,4 |
| 16-205 Þjóðskjalasafn Íslands | | | | | | | | | 623,0 | | 623,0 |
| 16-206 Listasafn Einars Jónssonar | | | | | | | | | 63,4 | | 63,4 |
| 16-207 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins | | | | | | | | | 64,9 | | 64,9 |
| 16-208 Kvikmyndasafn Íslands | | | | | | | | | 167,3 | | 167,3 |
| 16-209 Hljóðbókasafn Íslands | | | | | | | | | 155,3 | | 155,3 |
| 16-210 Safnasjóður | | | | | | | | | 257,5 | | 257,5 |
| 16-291 Samningar og styrkir til starfsemi safna | | | | | | | | | 138,0 | | 138,0 |
| 16-292 Stofnkostnaður safna | | | | | | | | | 547,9 | | 547,9 |
| 16-998 Varasjóðir málaflokka | | | | | | | | | 4,8 | | 4,8 |

| Málefnasvið, málaflokkar og ríkisaðili/verkefni | 01 Forsætis-ráðuneyti | 02 Mennta- og barnamála-ráðuneyti | 04 Matvæla-ráðuneyti | 06 Dómsmála-ráðuneyti | 07 Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | 09 Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | 10 Innviða-ráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | 16 Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **18.20 Menningarstofnanir** | | **-6.070,0** | | | | | | **343,5** | **6.632,0** | | **905,5** |
| 02-915 Minjastofnun Íslands | | -343,5 | | | | | | | | | -343,5 |
| 02-965 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík | | -1.104,6 | | | | | | | | | -1.104,6 |
| 02-972 Íslenski dansflokkurinn | | -220,3 | | | | | | | | | -220,3 |
| 02-973 Þjóðleikhúsið | | -1.830,1 | | | | | | | | | -1.830,1 |
| 02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands | | -1.742,4 | | | | | | | | | -1.742,4 |
| 02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands | | -174,9 | | | | | | | | | -174,9 |
| 02-993 Stofnkostnaður menningarstofnana | | -164,3 | | | | | | | | | -164,3 |
| 02-994 Samningar og styrkir til starfsemi menningarstofnana | | -485,0 | | | | | | | | | -485,0 |
| 02-998 Varasjóðir málaflokka | | -4,9 | | | | | | | | | -4,9 |
| 14-450 Minjastofnun Íslands | | | | | | | | 343,5 | | | 343,5 |
| 16-231 Þjóðleikhúsið | | | | | | | | | 1.830,1 | | 1.830,1 |
| 16-232 Sinfóníuhljómsveit Íslands | | | | | | | | | 1.742,4 | | 1.742,4 |
| 16-233 Íslenski dansflokkurinn | | | | | | | | | 220,3 | | 220,3 |
| 16-235 Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús í Reykjavík | | | | | | | | | 1.104,6 | | 1.104,6 |
| 16-252 Kvikmyndamiðstöð Íslands | | | | | | | | | 174,9 | | 174,9 |
| 16-282 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum | | | | | | | | | 905,5 | | 905,5 |
| 16-293 Samningar og styrkir til starfsemi menningarstofnana | | | | | | | | | 485,0 | | 485,0 |
| 16-294 Stofnkostnaður menningarstofnana | | | | | | | | | 164,3 | | 164,3 |
| 16-998 Varasjóðir málaflokka | | | | | | | | | 4,9 | | 4,9 |
| **18.30 Menningarsjóðir** | | **-5.153,3** | | | | | | **344,7** | **4.744,8** | | **-63,8** |
| 02-916 Fornminjasjóður | | -83,6 | | | | | | | | | -83,6 |
| 02-917 Húsafriðunarsjóður | | -261,1 | | | | | | | | | -261,1 |
| 02-978 Launasjóðir listamanna | | -812,0 | | | | | | | | | -812,0 |
| 02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands | | -1.527,0 | | | | | | | | | -1.527,0 |
| 02-982 Samn. og styrkir til starfsemi á sviði lista og menningar | | -2.409,2 | | | | | | | | | -2.409,2 |
| 02-983 Ýmis fræðistörf | | -51,8 | | | | | | | | | -51,8 |
| 02-998 Varasjóðir málaflokka | | -1,2 | | | | | | | | | -1,2 |
| 02-999 Ýmislegt | | -7,4 | | | | | | | | | -7,4 |
| 14-451 Fornminjasjóður | | | | | | | | 83,6 | | | 83,6 |
| 14-452 Húsafriðunarsjóður | | | | | | | | 261,1 | | | 261,1 |
| 16-251 Launasjóðir listamanna | | | | | | | | | 812,0 | | 812,0 |
| 16-252 Kvikmyndamiðstöð Íslands | | | | | | | | | 1.527,0 | | 1.527,0 |
| 16-295 Samn. og styrkir til starfsemi á sviði lista og menningar | | | | | | | | | 2.397,2 | | 2.397,2 |
| 16-998 Varasjóðir málaflokka | | | | | | | | | 1,2 | | 1,2 |
| 16-999 Ýmislegt | | | | | | | | | 7,4 | | 7,4 |
| **18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta** | | | | | | | | | **753,3** | | **753,3** |
| 16-101 Menningar- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa | | | | | | | | | 521,1 | | 521,1 |
| 16-190 Ýmis verkefni | | | | | | | | | 219,5 | | 219,5 |
| 16-280 Norræn samvinna | | | | | | | | | 12,7 | | 12,7 |

| Málefnasvið, málaflokkar og ríkisaðili/verkefni | 01 Forsætis-ráðuneyti | 02 Mennta- og barnamála-ráðuneyti | 04 Matvæla-ráðuneyti | 06 Dómsmála-ráðuneyti | 07 Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | 09 Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | 10 Innviða-ráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | 16 Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **19 Fjölmiðlun** | | | **-5.563,1** | | | | | | **5.563,1** | | **0,0** |
| **19.10 Fjölmiðlun** | | | **-5.563,1** | | | | | | **5.563,1** | | **0,0** |
| 04-961 Fjölmiðlanefnd | | | -93,8 | | | | | | | | -93,8 |
| 04-962 Stuðningur við einkarekna fjölmiðla | | | -384,3 | | | | | | | | -384,3 |
| 04-963 Ríkisútvarpið | | | -5.085,0 | | | | | | | | -5.085,0 |
| 16-301 Ríkisútvarpið | | | | | | | | | 5.085,0 | | 5.085,0 |
| 16-302 Fjölmiðlanefnd | | | | | | | | | 93,8 | | 93,8 |
| 16-303 Stuðningur við einkarekna fjölmiðla | | | | | | | | | 384,3 | | 384,3 |
| **20 Framhaldsskólastig** | | **100,0** | | | | | | | | | **100,0** |
| **20.10 Framhaldsskólar** | | **100,0** | | | | | | | | | **100,0** |
| 02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta | | 100,0 | | | | | | | | | 100,0 |
| **21 Háskólastig** | | **-56.906,6** | | | | | | | | **57.439,5** | **532,9** |
| **21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi** | | **-50.502,3** | | | | | | | | **49.548,6** | **-953,7** |
| 02-201 Háskóli Íslands | | -29.792,0 | | | | | | | | | -29.792,0 |
| 02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum | | -691,7 | | | | | | | | | -691,7 |
| 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans | | -1.696,2 | | | | | | | | | -1.696,2 |
| 02-209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum | | -905,5 | | | | | | | | | -905,5 |
| 02-210 Háskólinn á Akureyri | | -4.091,9 | | | | | | | | | -4.091,9 |
| 02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands | | -2.283,4 | | | | | | | | | -2.283,4 |
| 02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum | | -915,0 | | | | | | | | | -915,0 |
| 02-225 Háskólinn á Bifröst | | -684,5 | | | | | | | | | -684,5 |
| 02-227 Háskólinn í Reykjavík | | -4.507,2 | | | | | | | | | -4.507,2 |
| 02-228 Listaháskóli Íslands | | -1.586,3 | | | | | | | | | -1.586,3 |
| 02-269 Stofnkostnaður háskóla | | -198,0 | | | | | | | | | -198,0 |
| 02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi | | -2.284,7 | | | | | | | | | -2.284,7 |
| 02-299 Fræða- og þekkingarsetur | | -729,2 | | | | | | | | | -729,2 |
| 02-998 Varasjóðir málaflokka | | -136,7 | | | | | | | | | -136,7 |
| 17-201 Háskóli Íslands | | | | | | | | | | 29.792,0 | 29.792,0 |
| 17-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum | | | | | | | | | | 691,7 | 691,7 |
| 17-203 Raunvísindastofnun Háskólans | | | | | | | | | | 1.696,2 | 1.696,2 |
| 17-210 Háskólinn á Akureyri | | | | | | | | | | 4.091,9 | 4.091,9 |
| 17-216 Landbúnaðarháskóli Íslands | | | | | | | | | | 2.283,4 | 2.283,4 |
| 17-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum | | | | | | | | | | 915,0 | 915,0 |
| 17-225 Háskólinn á Bifröst | | | | | | | | | | 684,5 | 684,5 |
| 17-227 Háskólinn í Reykjavík | | | | | | | | | | 4.507,2 | 4.507,2 |
| 17-228 Listaháskóli Íslands | | | | | | | | | | 1.586,3 | 1.586,3 |
| 17-269 Stofnkostnaður háskóla | | | | | | | | | | 198,0 | 198,0 |
| 17-297 Ýmis fræðistörf | | | | | | | | | | 51,8 | 51,8 |
| 17-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi | | | | | | | | | | 2.204,7 | 2.204,7 |
| 17-299 Fræða- og þekkingarsetur | | | | | | | | | | 729,2 | 729,2 |
| 17-998 Varasjóðir málaflokka | | | | | | | | | | 116,7 | 116,7 |

| Málefnasvið, málaflokkar og ríkisaðili/verkefni | 01 Forsætis-ráðuneyti | 02 Mennta- og barnamála-ráðuneyti | 04 Matvæla-ráðuneyti | 06 Dómsmála-ráðuneyti | 07 Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | 09 Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | 10 Innviða-ráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | 16 Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **21.30 Stuðningur við námsmenn** | | **-6.404,3** | | | | | | | | **6.404,3** | **0,0** |
| 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna | | -489,4 | | | | | | | | | -489,4 |
| 02-873 Menntasjóður námsmanna | | -5.914,9 | | | | | | | | | -5.914,9 |
| 17-272 Lánasjóður íslenskra námsmanna | | | | | | | | | | 489,4 | 489,4 |
| 17-273 Menntasjóður námsmanna | | | | | | | | | | 5.914,9 | 5.914,9 |
| **21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar** | | | | | | | | | | **1.486,6** | **1.486,6** |
| 17-101 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa | | | | | | | | | | 486,4 | 486,4 |
| 17-190 Ýmis verkefni | | | | | | | | | | 18,0 | 18,0 |
| 17-580 Rannsóknamiðstöð Íslands | | | | | | | | | | 982,2 | 982,2 |
| **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála** | | **-3.328,6** | | | **1.639,7** | | | | **309,2** | | **-1.379,7** |
| **22.10 Leikskóla- og grunnskólastig** | | **80,0** | | | | | | | | | **80,0** |
| 02-720 Sérstök fræðsluverkefni | | 80,0 | | | | | | | | | 80,0 |
| **22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig** | | **-2.048,9** | | | **1.639,7** | | | | **309,2** | | **-100,0** |
| 02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra | | -309,2 | | | | | | | | | -309,2 |
| 02-441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra | | -284,1 | | | | | | | | | -284,1 |
| 02-452 Fræðslu- og símenntunarstöðvar | | -306,2 | | | | | | | | | -306,2 |
| 02-461 Íslenskukennsla fyrir útlendinga | | -178,5 | | | | | | | | | -178,5 |
| 02-462 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins | | -141,2 | | | | | | | | | -141,2 |
| 02-463 Fræðslusjóður | | -829,7 | | | | | | | | | -829,7 |
| 07-450 Íslenskukennsla fyrir útlendinga | | | | | 118,5 | | | | | | 118,5 |
| 07-451 Fullorðinsfræðsla fatlaðs fólks | | | | | 284,1 | | | | | | 284,1 |
| 07-452 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins | | | | | 101,2 | | | | | | 101,2 |
| 07-453 Fræðslusjóður | | | | | 829,7 | | | | | | 829,7 |
| 07-454 Fræðslu- og símenntunarstöðvar | | | | | 306,2 | | | | | | 306,2 |
| 16-281 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra | | | | | | | | | 309,2 | | 309,2 |
| **22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála** | | **-1.359,7** | | | | | | | | | **-1.359,7** |
| 02-101 Mennta- og barnamálaráðuneyti, aðalskrifstofa | | -364,8 | | | | | | | | | -364,8 |
| 02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands | | -982,2 | | | | | | | | | -982,2 |
| 02-984 Norræn samvinna | | -12,7 | | | | | | | | | -12,7 |
| **29 Fjölskyldumál** | **97,5** | **4.549,7** | | | **-4.647,2** | | | | | | **0,0** |
| **29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn** | **97,5** | **4.489,7** | | | **-4.587,2** | | | | | | **0,0** |
| 01-241 Umboðsmaður barna | 97,5 | | | | | | | | | | 97,5 |
| 02-726 Umboðsmaður barna | | -97,5 | | | | | | | | | -97,5 |
| 02-740 Barnaverndarstofa | | 2.083,4 | | | | | | | | | 2.083,4 |
| 02-741 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins | | 721,3 | | | | | | | | | 721,3 |
| 02-998 Varasjóðir málaflokka | | 22,1 | | | | | | | | | 22,1 |
| 02-999 Ýmislegt | | 1.760,4 | | | | | | | | | 1.760,4 |
| 07-400 Barnaverndarstofa | | | | | -2.083,4 | | | | | | -2.083,4 |
| 07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins | | | | | -721,3 | | | | | | -721,3 |
| 07-998 Varasjóðir málaflokka | | | | | -22,1 | | | | | | -22,1 |
| 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi | | | | | -1.760,4 | | | | | | -1.760,4 |

| Málefnasvið, málaflokkar og ríkisaðili/verkefni | 01 Forsætis-ráðuneyti | 02 Mennta- og barnamála-ráðuneyti | 04 Matvæla-ráðuneyti | 06 Dómsmála-ráðuneyti | 07 Félags- og vinnu-markaðs-ráðuneyti | 09 Fjármála- og efnahags-ráðuneyti | 10 Innviða-ráðuneyti | 14 Umhverfis-, orku- og loftslags-ráðuneyti | 16 Menningar- og viðskipta-ráðuneyti | 17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneyti | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna** | | **60,0** | | | **-60,0** | | | | | | **0,0** |
| 02-999 Ýmislegt | | 60,0 | | | | | | | | | 60,0 |
| 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi | | | | | -60,0 | | | | | | -60,0 |
| **32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála** | | | | | **-155,6** | | | | | | **-155,6** |
| **32.40 Stjórnsýsla félagsmála** | | | | | **-155,6** | | | | | | **-155,6** |
| 07-101 Félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneyti, aðalskrifstofa | | | | | -141,1 | | | | | | -141,1 |
| 07-190 Ýmis verkefni | | | | | -14,5 | | | | | | -14,5 |
| **Samtals** | **40,9** | **-83.211,4** | **-26.722,6** | **186,3** | **-3.292,8** | **-31,1** | **-1.412,3** | **1.358,3** | **28.026,2** | **85.058,5** | **0,0** |